

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2006

frá 7. júlí 2006

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB) í XIX. viðauka við samninginn:

„7f. **32004 R 2006**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) (Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2006/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. júlí 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 7. júlí 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.